



Uppgjör Landsbankans

Janúar - september 2012




15. nóvember 2012

Fréttatilkynning v. 9 mán. uppgjörs Hagnaður á 3. ársfjórðungi er tæpur 1,7 milljarður

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 13,5 milljarða króna eftir skatta fyrstu níu mánuði ársins 2012. Hagnaður þriðja ársfjórðungs er tæpur 1,7 milljarður króna, mun minni en á fyrri helmingi ársins og skýrist það fyrst og fremst af virðisrýrnun lánasafns og auknum rekstrarkostnaði en hann má rekja að hluta til gjaldfærslu vegna starfsloka í tengslum við hag-ræðingaraðgerðir. Hagnaður bankans á fyrstu níu mánuðum ársins hefur lækkað um helming frá sama tíma á síðasta ári en þá var hagnaðurinn um 27 milljarðar króna. Afkoma bankans var hins vegar mjög sveiflukennnd á árinu 2011 og er því samanburður erfiður.

Arðsemi eigin fjár á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 var 8,6% en mældist 17,9% á sama tíma fyrir ári. Eiginfjárlutfall (CAD) Landsbankans er nú 24,1% en var 21,4% í lok árs 2011. Fjárhagsstaða Landsbankans er traust en arðsemi af rekstri endurspeglar sem fyrr fremur lítil umsvif í íslensku efnahagslífi.

Eiginfjárlutfall



Kennitölur (allar tölur í milljónum króna)	9m 2012	9m 2011
Hagnaður eftir skatta	13.541	26.953
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	8,6%	17,9%
CAD hlutfall	24,1%	23,6%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,2%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	57,7%	52,4%
Heildareignir	1.056.825	1.124.250
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	149,4%	143,0%
Stöðugildi	1.252	1.297

Leiðrétt kostnaðarhlutfall = (Laun + önnur rekstrargjöld + afskriftir) / (Hreinar vaxtatekjur + hreinar þjónustutekjur)


Steinþór Pálsson, bankastjóri segir:

„Á undanförunum árum hefur staðið yfir mikið uppbyggingastarf innan bankans og flest markmið í því starfi hafa gengið eftir. Áhersla hefur verið á að styrkja fjárhagsstöðu og innviði bankans um leið og unnið hefur verið að úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Mikill árangur hefur náðst á þessu sviði eins og þróun vanskila sýnir með glöggum hætti.

Afkoma bankans fyrstu níu mánuði ársins einkennist af neikvæðri þróun á virðisbreytingum útlána. Í haust skerpti Landsbankinn á stefnuáherslum sínum og breytti skipulagi til að takast á við þau verkefni sem nú blasa við og tryggja samkeppnisfærni til framtíðar.

Dómar sem fallið hafa á árinu um ólögmat gengistryggð lán sýna að enn verður bið á endanlegri niðurstöðu í því máli. Mikilvægt er að það skýrist sem fyrst þar sem miklir hagsmunir eru í húfi fyrir alla aðila.“

Arðsemi eigin fjár eftir skatta



Rekstrarreikningur:

Neikvæð þróun á virðisbreytingu útlána hefur veruleg áhrif á rekstur Landsbankans á árinu. Heildarrekstrartekjur bankans lækka þó um nálega 25% milli ára, voru 39,7 milljarðar króna eftir fyrstu 9 mánuði síðasta árs en eru nú 30 milljarðar. Þarna ræður mestu virðisbreytingu útlána sem er meðal annars tilkomin vegna gjaldfærslu í tengslum við yfirtöku Landsbankans á SpKef og viðbótar gjaldfærslu um 2,1 milljarða vegna nýfallins dóms um vexti við endurreikning gengistryggðra lána. Hreinar vaxtatekjur Landsbankans hafa aukist um 1,8 milljarða króna frá því á sama tíma á síðasta ári. Þjónustutekjur standa nánast í stað. Gjaldeyrisingismunur var jákvæður um 1,7 milljarð króna á þriðja ársfjórðungi en var neikvæður um 1 milljarð á sama tíma 2011. Aðrar rekstrartekjur námu 5,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er viðunandi niðurstaða.

Rekstrarreikningur (allar tölur í milljónum króna)	9m 2012	9m 2011	Breyting	%
Hreinar vaxtatekjur	26.355	24.591	1.764	7%
Virðisbreyting	-7.087	794	-7.881	-992%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	19.268	25.385	-6.117	-24%
Hreinar þjónustutekjur	3.122	3.344	-222	-7%
Gjaldeyrisingismunur	1.735	-1.049	2.784	265%
Aðrar rekstrartekjur	5.816	12.012	-6.196	-52%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	29.941	39.691	-9.750	-25%
Rekstrarkostnaður	17.770	15.394	2.376	15%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, að frádrögnum skatti	687	1.160	-473	-41%
Hagnaður fyrir skatta	12.858	25.458	-12.600	-49%
Áætlaður tekju- og bankaskattur	1.801	3.214	-1.413	-44%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	11.057	22.243	-11.186	-50%
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádrögnum skatti	2.484	4.709	-2.225	-47%
Hagnaður tímabilsins	13.541	26.953	-13.412	-50%

Virðisbreyting lánasafns

Frá því gengið var frá kaupum Landsbankans á eignum LBI hf. hefur Landsbankinn gjaldfært um 23 milljarða króna vegna verðryrnunar lánasafnsins. Þar af hefur bankinn gjaldfært um 17,8 milljarða vegna lánasafns einstaklinga og um 3,1 milljarða króna vegna lánasafns fyrirtækja. Virðisbreyting lánasafns bankans var neikvæð um 7 milljarða eftir níu mánuði ársins en var hins vegar jákvæð um 798 milljónir króna á sama tíma árið 2011. Á þriðja ársfjórðungi voru gjaldfærðir 3,6 milljarðar króna vegna virðisbreytinga útlána og þar af vegur stærst gjaldfærsla upp á 2,1 milljarð króna sem gerð var í kjölfar Hæstaréttardóms nr. 462/2012.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður Landsbankans er enn of hár, þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðhaldsaðgerða í rekstrinum. Rekstrarkostnaður hefur hækkað um 15% frá sama tíma á síðasta ári. Laun og tengd gjöld hækkað um 22%, eða sem svarar til 1.753 milljóna króna en launahækkunar ráða þó minnstu þar um. Samningsbundnar launahækkunar nema 500 milljónum króna en nýr fjársýsluskattur á laun 446 milljónum króna. Kostnaður vegna samruna við Spkef og starfsloka vegna hagræðingaraðgerða er 520 milljónir króna. Reiknaðir skattar á fyrstu níu mánuðum ársins nema samtals 2,2 milljörðum. Kostnaður bankans vegna reksturs FME og embættis Umboðsmanns skuldara nam 598 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins og hafa þessir liðir hækkað um 279 milljónir króna frá því á sama tíma á síðasta ári.

Skattar og gjöld vegna reksturs ríkisstofnana

Skattar (allar tölur í milljónum króna)	30/9/12	30/9/11	Breyting	%
Tekjuskattur	1.000	1.959	-959	-49%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	801	340	461	136%
Sérstakur fjársýsluskattur á laun	446	0	446	
FME og Umboðsmaður skuldara	598	319	279	87%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	767	506	261	52%

Endurskipulagning skulda viðskiptavina

Endurskipulagning skulda einstaklinga og fyrirtækja hefur verið meginverkefni Landsbankans undanfarin ár.


- » Öll ólögmat gengistryggð lán í Landsbankanum hafa verið endurútreiknuð en vegna dóma Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012, þá mun bankinn þurfa að endurreikna lán til samræmis við niðurstöður þessara dómsmála. Að mati Landsbankans hafa dómur Hæstaréttar ekki umtalsverð áhrif á fjárhag bankans, umfram það sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Í uppgjöri fyrir árið 2011 voru gjaldfærðir 38 milljarðar króna undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavini“ til samræmis við sviðsmynd sem FME óskaði eftir að fjármálafyrirtæki notuðu sem viðmið við útreikning á áhrifum dóms Hæstaréttar nr. 600/2011. Til viðbótar hafa verið gjaldfærðir 2,1 milljarður á árinu 2012 í kjölfar dóms nr. 464/2012. Að mati bankans þarf fleiri dómsmál til að hægt verði að klára alla endurútreikninga.
- » Í lok október hafði Landsbankinn lokið endurskipulagningu skulda rúmlega 1.000 fyrirtækja. Flest öll þeirra fyrirtækja sem áttu í erfiðleikum og bankinn mat sem lífvænleg þegar hafist var handa við það umfangsmikla verkefni að endurskipuleggja skuldir íslenskra fyrirtækja í kjölfar hrunsins í október 2008, hafa nú fengið lausn sinna mála.

Fjármögnun Landsbankans

Fyrir á árinu fyrirframgreiddi Landsbankinn hf. fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf. (LBI). Fyrirframgreiðslan nam að jafnvirði rúmlega 73 milljarða króna í evrum, dollurum og pundum. Samfara þessari fyrirframgreiðslu lækkar fjármagns-kostnaður bankans og vegur sú lækkun mun þyngra en sú ávöxtun sem laust fé í erlendri mynt skilar bankanum. Samkomulagið er mikilvægur áfangi í uppbyggingu Landsbankans, þar sem fyrirnefnd fyrirframgreiðsla lækkar skuldir bankans umtalsvert og auðveldar endurfjármögnun. Fyrirframgreiðslan gekk að fullu inn á fyrstu 5 af 20 ársfjórðungslegum afborgunargjaldkögum skuldabréfanna, sem áttu að hefjast í janúar 2014. Næsta afborgun höfuðstóls verður því ekki fyrir en í apríl 2015.

Landsbankinn er að vinna að undirbúningi útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem skráð yrðu í íslensku kauphöllinni NASDAQ OMX Iceland. Bankinn hefur skilað inn umsókn til Fjármálaeftirlitsins og beðið er eftir svari. Fyrirhuguð útgáfa á sértryggðum skuldabréfum verður liður í fjármögnun bankans og mun styrkja samkeppnisstöðu bankans í íbúðalánum.


Eignarhlutur LBI vs stærð skilyrta skuldabréfsins



Uppgjör við Landsbanka Íslands hf. (LBI hf.)

Mikil óvissa var um virði útlána þegar samningum milli Landsbankans og LBI hf. um kaup Landsbankans á eignum LBI lauk undir árslok árið 2009 og töluverður ágreiningur var um verðmæti lána. Úr varð að samið var um að Landsbankinn gæfi út skilyrt skuldabréf sem myndi endurspeglar hugsanlega hækkun á verðmæti tiltekinna eigna fram til loka árs 2012, en þó yrði það að hámarki 92 milljarðar króna. Óháðir aðilar fara yfir mat á eignum og úrskurða um þau mál ef Landsbankinn og LBI ná ekki saman. Staðan á skilyrta skuldabréfinu er nú 74,2 milljarðar króna. Verði andvirði þess 92 milljarðar fyrir árslok afsalar LBI hf. sér 18,7% eignarhlut sínum í Landsbankanum að fullu.

Skuldir og eigið fé



- Innlán frá fjármálafyrirtækjum
- Innlán frá viðskiptavinum
- Lántaka
- Skilyrt skuldabréf
- Aðrar skuldir
- Skuldir tengdar eignum til sölu
- Eigið fé


Efnahagsreikningur (allar tölur í milljónum króna)	30/9/12	31/12/11	Breyting 2012 %	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	25.235	8.823	16.412	186%
Kröfur á lánastofnanir	60.787	100.133	-39.346	-39%
Markaðsskuldabréf	217.485	221.848	-4.363	-2%
Hlutabréf	33.198	46.037	-12.839	-28%
Útlán til viðskiptavina	657.050	639.130	17.920	3%
Aðrar eignir	37.688	65.959	-28.271	-43%
Eignir til sölu	25.382	53.552	-28.170	-53%
Samtals	1.056.825	1.135.482	-78.657	-7%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	90.206	112.876	-22.670	-20%
Innlán frá viðskiptavinum	439.853	443.590	-3.737	-1%
Lántaka	211.699	277.076	-65.377	-24%
Skilyrt skuldabréf	74.225	60.826	13.399	22%
Aðrar skuldir	26.561	31.485	-4.924	-16%
Skuldir tengdar eignum til sölu	603	9.385	-8.782	-94%
Eigið fé	213.678	200.244	13.434	7%
Samtals	1.056.825	1.135.482	-78.657	-7%

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans hafa lækkað frá áramótum um rúmlega 79 milljarða króna sem skýrist af fyrirfram greiðslu til LBI hf. á miðju ári. Eigið fé bankans hefur hins vegar hækkað um 13 milljarða frá áramótum og er nú 213 milljarðar

Lausafjárstaða bankans er sterk eins og kemur fram í háu lausafjárhlutfalli sem er nú 46% en það jafngildir því að Landsbankinn gæti greitt út samdægurs 46% af öllum innistæðum í bankanum. Eiginfjárhlutfallið (CAD) er sömuleiðis mjög hátt en mikilvægt er að bankinn viðhaldi háu eiginfjárhlutfalli vegna óvissu í rekstrarumhverfi. Eignir til sölu hafa lækkað verulega og eru nú 2% af eignum Landsbankans en voru um 12% í árslok 2010.


Eignir



- Sjóður og innistæður í Seðlabanka
- Kröfur á lánastofnanir
- Markaðsskuldabréf
- Hlutabréf
- Útlán til viðskiptavina
- Aðrar eignir
- Eignir til sölu

Útlán


Á meðfylgjandi mynd af útlánnum Landsbankans má sjá hvernig þau hafa þróast. Þessi mynd sýnir vel takmarkaða eftirspurn eftir lánsfé sem nú hefur verið viðvarandi í nokkur ár. Útlán til fyrirtækja hafa lækkað lítillega en útlán til einstaklinga hafa hækkað umfram verðlagsþróun það sem af er árinu. Heildarútlán bankans nema nú 657 milljörðum króna.



Vanskil:

Vanskil hafa minnkað jafnt og þétt á bókum bankans, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Þetta er sterk vísending um að gæði lánasafnsins fara batnandi. Eftir þriðja ársfjórðung 2011 námu vanskil um 16,4% en í lok þriðja ársfjórðungs á þessu ári höfðu þau lækkað í 9,2%. Vanskilahlutfall fyrirtækja var 8,5% í lok október og hjá einstaklingum var sama hlutfall 9,8%. Heildarvanskil standa því nú í 8,9%.


Þróun vanskila



Innlán:

Innlán hafa dregist lítillega saman á árinu 2012 og nema nú 439,9 milljörðum króna. Mikill meirihluti nýrra innlána er til skemmri tíma. Innlán frá fyrirtækjum hafa lækkað nokkuð.

Innlán frá viðskiptavinum



Tíðindi úr rekstri

- » Í september var gert samkomulag við Sparisjóð Svarfdæla að Landsbankinn félli frá fyrirhuguðum kaupum á sparisjóðnum. Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla og Landsbankinn hf. náðu í janúar samkomulagi um að Landsbankinn keypti allar eignir og rekstur Sparisjóðsins og héldi áfram fjármálastarfsemi í Dalvíkurbyggð. Bæði FME og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykktu fyrirhugaðan samruna. Samkeppnis-eftirlitið hafði samrunann til skoðunar og hvatti stjórn sparisjóðsins til að leita til Tryggingarsjóðs sparisjóða og þar fékk sparisjóðurinn vilyrði fyrir framlagningu nýs stofnfjár og víkjandi láni. Niðurstaðan var því sú Landsbankinn féll frá kaupunum.
- » Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykkti í júlí ríkisaðstoð þá sem veitt var til endurskipulagningar á Landsbankanum í kjölfar hruns fjármálakerfisins á Íslandi árið 2008. Í tilkynningu ESA er lýst ánægju með þann árangur sem Landsbankinn hefur náð við endurskipulagningu bankans. Landsbankinn búi nú við sterka eiginfjárstöðu og hafi náð árangri við endurskipulagningu lána hjá skuldsettum viðskiptavinum sínum.
- » Landsbankinn hf. kynnti í september nýjar áherslur í stefnu Landsbankans til ársins 2015 en þær byggja á stefnu bankans sem kynnt var haustið 2010 undir heitinu Landsbankinn þinn. Áherslurnar felast í því að auka hagkvæmni í rekstri með því að lækka kostnað, efla stjórnun og liðsheilid og stunda ábyrga markaðsókn. Samhliða nýjum stefnuáherslum gerði Landsbankinn talsverðar breytingar á skipulagi bankans sem tóku gildi 1. október. Með breytingunum er lögð áhersla á enn meiri samvinnu allra sviða bankans svo hægt verði að bjóða betri og skilvirkari þjónustu sem stuðlar að gagnkvæmum ávinningi viðskiptavina og bankans. Nýjar áherslur eiga að stuðla að því að markmið um hagkvæman og arðsaman rekstur náist. Eftir breytingarnar fækkaði sviðum bankans úr níu í sjö. Tekjusviðin eru eftir breytingarnar þrjú, Einstaklingar, Fyrirtæki og Markaðir en stoðsviðin eru fjögur, Áhættustýring, Fjármál, Þróun og mannauður og Rekstur og upplýsingatækni.
- » Í september var tilkynnt um að útibú Landsbankans í Reykjanesbæ og afgreiðslur bankans í Garði og Vogum yrðu sameinuð á einn stað. Sameinuð starfsemi útibúsins verður til húsa í Reykjanesbæ. Áfram verður rekin afgreiðsla í Sandgerði.
- » Fjármálaeftirlitið veitti í september Landsbréfum sem er dótturfélag Landsbankans, leyfi til eignarstýringar. Leyfið veitir Landsbréfum tækifæri til að annast verkefni á sviði stýringar eigna fyrir þriðja aðila, og eykur verulega möguleika félagsins til að þjóna viðskiptavinum sínum. Landsbréf mun sjá um rekstur og stýringu eigna Horns, sem einnig er dótturfélag Landsbankans. Nýr framkvæmdastjóri hóf störf hjá Landsbréfum í september.